

Föstudaginn 11. nóvember 1994.

Nr. 450/1994. **Sýslumaðurinn á Akureyri**

gegn

Snorra Ásmundssyni

(Þorsteinn Hjaltason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. nóvember 1994, sem barst réttinum 10. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður verði tildæmdur.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 9. nóvember sl. Krefst hann þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til þriðjudagsins 22. nóvember 1994.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um að hafa meðal annars staðið að sölu og dreifingu verulegs magns fíkniefna. Málið sætir nú frumrannsókn hjá lögreglu, en varnaraðili hefur að mestu neitað aðild að því. Þar sem ólokið er veigamiklum þáttum í rannsókn málsins, þykir hætta á, að varnaraðili geti torvelað framgang þess. Með vísan til þess svo og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 22. nóvember 1994.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Snorri Ásmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 22. nóvember 1994.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 1994.

Sýslumaðurinn á Akureyri hefur gert þá kröfu, að Snorra Ásmundssyni, kt. 131166-5419, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til þriðjudagsins 22. nóvember nk., og er í kröfunni vísað til a-liðar 1. mgr. 103. gr.

laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en kærði er grunaður um brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni svo og XVI. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur andmælt kröfu sýslumannsins á Akureyri.

Málavextir.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu er kærði, Snorri Ásmundsson, grunaður ásamt tilgreindum aðila um að hafa staðið að kaupum á verulegu magni af hassi og amfetamíni í Reykjavík í síðastliðinni viku, og jafnframt er kærði, Snorri, grunaður um að hafa flutt fíkniefnin hingað til Norðurlands. Þá er kærði grunaður um að hafa falsað tékka fyrir um 400.000 krónur og staðið að innbrotum á höfuðborgarsvæðinu síðustu vikur.

Í yfirheyrslum hjá lögreglu og hér fyrir dómi hefur kærði neitað sakargiftum, að því er varðar fíkniefnamisferli og þjófnað. Frásögn kærða er að þessu leyti í andstöðu við framburð tilgreinds aðila samkvæmt skýrslum lögreglu. Kærði hefur á hinn bóginn viðurkennt að hafa gefið út með eigin nafni allmarga tékka, sem hann hafði áður stolið, og á þann hátt fjármagnað áfengis kaup.

Rannsókn málsins er á frumstigi, en af skjölum lögreglu má ráða, líkt og vikið er að í greinargerð sýslumanns, að eftir sé að yfirheyra allnokkra aðila, er gætu gefið upplýsingar um málavexti.

Brot þau, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, geta, ef sönnuð yrðu, varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, þykir í þágu rannsóknarhagsmuna og með skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 rétt að taka kröfu sýslumannsins á Akureyri til greina, þó þannig, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 19. nóvember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Snorri Ásmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 19. nóvember nk. kl. 16.00.